

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgrata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2020

Efni: Umsögn BSRB um tillögu að færa námslok félagsliða af hæfniprepi 2 á hæfniprep 3

BSRB hefur tekið til umsagnar tillögu um að færa námslok félagsliða af hæfniprepi 2 á hæfniprep 3, sem sett var í samráðsgátt stjórnvalda 7. febrúar 2020.

BSRB fagnar tillögunni og hvetur til þess að hún verði að veruleika. Vinna félagsliða hefur breyst töluvert á undanförunum árum. Meiri kröfur eru gerðar til sjálfstæðra vinnubragða og að lesa í líðan fólks, ásamt því að þjónustupörf hefur aukist við skjólstæðinga sem búa heima eða eru í sjálfstæðri búsetu. BSRB telur að mikilvæg viðurkenning felist í því að færa námslok félagsliða á þriðja hæfniprep.

BSRB bendir á að við það að nám félagsliða færast á þriðja hæfniprep er fyrirséð að samstarf þurfi milli símenntunarstöðva og framhaldsskólakerfið um raunfærnimat, námsupphaf og námslok. Þá þarf að huga að samfellu og samtali þessara tveggja kerfa. Fyrir einstaklinga í félagsliðanámi er mikilvægt að þessi tvö kerfi tali vel saman.

Fyrir hönd BSRB



Dagný Aradóttir Pind
lögfræðingur